



# Sérstakar reglur um umferð og dvöl

Sérstakar reglur um umferð manna og dvöl í friðlandinu Dyrhólaey sem settar eru í samræmi við ákvæði 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd eru eftirfarandi:

1. Ekki er heimilt að hafa næturdvöl innan hins friðlýsta svæðis sbr. [kafla 3.6.3.](#)
2. Ekki er leyfilegt að lenda þyrlum og flugvélum innan friðlandsins og notkun fjarstýrðra loftfara s.s. flygilda er einnig bönnuð, nema með leyfi frá Umhverfisstofnun, sbr. [kafla 3.11.](#) Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. reglugerð 60/1998 og reglugerð 1185/2012, og þær stofnanir sem sinna lögbundnum rannsóknum og eftirlitshlutverki með náttúru- og menningarminjum.
3. Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun á dýralífi eða upplifun gesta innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar og samkomuhalds, sbr. [kafla 3.6.2.](#)
4. Óheimilt er að fara á hrossum utan vega sbr. [kafla 3.8.4.](#)
5. Hjólreiðar eru einungis heimilar á vegum, sbr. [kafla 3.8.4.](#)
6. Gæludýr skulu vera í taumi og höfð undir tryggri stjórn þannig að þau trufla síður dýralíf og gesti sbr. [kafla 3.6.3](#) og [kafla 3.4.1.](#)
7. Umhverfisstofnun getur takmarkað umferð tímabundið á viðkvæmum svæðum þar sem hætta er á jarðvegsrofi og gróðurskemmdum eða vegna truflunar á fuglalífi sbr. [kafla 3.8.2.](#)